

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Fornastekks í landi Bjarneyjarsands, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 22. október 2013 deiliskipulag Fornastekks í landi Bjarneyjarsands.

Deiliskipulagið felur í sér að samþætta og uppfæra eldra deiliskipulag. Með samþykkt deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Fornastekks frá 1992 og breytingar frá 2001 og 2005 þar sem skipulagssvæðið var stækkað og breytingar á skilmálum frá 2007.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Hvalfjarðarsveit, 3. apríl 2014.*

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar,

**Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2014